

AUGLÝSING

um breytingar á VI. gr. og A-lið XIV. gr. stofnskrár Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar.

Hinn 4. apríl 2007 var ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku afhent staðfestingarskjal Íslands vegna breytinga á VI. gr. og A-lið XIV. gr. stofnskrár Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar sem gerðar voru í Vín 1. október 1999, sbr. Samninga Íslands við erlend ríki nr. 111 þar sem stofnskráin er birt og auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 11/1972, 4/1987 og 38/1991. Auglýst verður um gildistöku breytinganna síðar.

Breytingin á VI. gr. stofnskrárinnar er birt sem fylgiskjal 1 og breytingin á A-lið XIV. gr. sem fylgiskjal 2 með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytinu, 7. desember 2022.

F. h. r.
Martin Eyjólfsson.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal 1.**BREYTING Á VI. GR. STOFNSKRÁRINNAR**

Ályktun samþykkt 1. október 1999 á níunda allsherjarfund.

Aðalráðstefnan,

- a) *sem minnst* ákvörðunar sinnar GC(42)/DEC/10 þar sem stjórninni var meðal annars boðið að leggja fram skýrslu sína um endanlegt orðalag breytingar á VI. gr. stofnskrárinnar og eldri ályktanir og ákvarðanir um málið,
- b) *sem hefur yfirfarið* tillögu um breytingu á VI. gr. stofnskrárinnar sem Japan hefur lagt fram í samræmi við A-lið XVIII. gr. stofnskrárinnar og er að finna í 1. viðauka við skjal GC(42)/19,
- c) *sem hefur einnig yfirfarið* tillögu um breytingu á japönsku breytingunni sem Slóvenía hefur lagt fram í samræmi við A-lið XVIII. gr. stofnskrárinnar og er að finna í skjali GC(43)/12,
- d) *sem hefur einnig fjallað* um skýrslu og tilmæli stjórnarinnar, sem er að finna í skjali GC(43)/12, þar sem fram koma athugasemdir stjórnarinnar við fyrrnefnda breytingartillögu Slóveníu við japönsku tillöguna,
- e) *sem hefur einnig fjallað um* athugasemdir stjórnarinnar við fyrrnefnda japanska tillögu um að breyta VI. gr.,
 1. *samþykkir* fyrrnefnda breytingartillögu Slóveníu við breytingu á VI. gr. sem Japan hefur gert tillögu um,
 2. *samþykkir* þá breytingu sem Japan hefur gert tillögu um, með áorðnum breytingum samkvæmt gildandi 1. mgr. og með frekari breytingum, en VI. gr. stofnskrár stofnunarinnar breytist samkvæmt henni sem hér segir:
 - I. Eftirfarandi komi í stað A-liðar VI. gr. stofnskrár stofnunarinnar:

„A. Stjórnin skal skipuð sem hér segir:

 1. Fráfarandi stjórn skal tilnefna til setu í stjórninni þau átján aðildarríki sem lengst hafa náð í þróun kjarnorkutækninnar, meðal annars í framleiðslu upprunaeftna, og skal deila sætum, sem tilnefnt verður til setu í, milli þeirra svæða er um getur hér að aftan sem hér segir:

Norður Ameríka	2
Rómanska Ameríka	2
Vestur-Evrópa	4
Austur-Evrópa	2
Afríka	2
Mið-Austurlönd og Suður-Asía	2
Suðaustur-Asía og Kyrrahaf	1
Austurlönd fjær	3
 2. Aðalráðstefnan kýs til setu í stjórninni:
 - a) tuttugu og tvö aðildarríki, þar sem leitast er við að ná fram sanngjarnri fulltrúatölu aðildarríkja, á þeim svæðum sem eru talin upp í 1. mgr. A-liðar þessarar greinar, innan stjórnarinnar þegar á heildina er litið, þannig að í stjórninni sitji ávallt í þessum hópi:

fjórir fulltrúar frá Rómönsku Ameríku,
 fjórir fulltrúar frá Vestur-Evrópu,
 þrjú fulltrúar frá Austur-Evrópu,
 fimm fulltrúar frá Afríku,
 þrjú fulltrúar frá Mið-Austurlöndum og Suður-Asíu,
 tveir fulltrúar frá Suðaustur-Asíu og Kyrrahafi og
 einn fulltrúi frá Austurlöndum fjær.
 - b) tvö aðildarríki til viðbótar úr hópi aðildarríkja á eftirtöldum svæðum:

Vestur Evrópu
 Austur Evrópu
 Mið-Austurlöndum og Suður-Asíu

- c) eitt aðildarríki til viðbótar úr hópi aðildarríkja á eftirtöldum svæðum:
Rómönsku Ameríku
Austur-Evrópu“

og

II. Eftirfarandi ný málsgrein bætist við í lok VI. gr.:

- „K. Ákvæði A-liðar þessarar greinar, eins og aðalráðstefnan samþykkti þau 1. október 1999, öðlast gildi þegar kröfum C-liðar XVIII. gr. hefur verið fullnægt og aðalráðstefnan staðfestir skrá um öll aðildarríki stofnunarinnar, sem stjórnin hefur orðið ásátt um, í báðum tilvikum með níutíu hundraðshlutum atkvæða þeirra sem eru viðstaddir og greiða atkvæði, þar sem sérhverju aðildarríki er skipað á eitt þeirra svæða sem um getur í 1. mgr. A-liðar þessarar greinar. Stjórninni er heimilt að gera breytingu á skránni eftir það að fram kominni staðfestingu aðalráðstefnunnar, í báðum tilvikum með níutíu hundraðshlutum atkvæða þeirra sem eru viðstaddir og greiða atkvæði, og því aðeins að breytingartillagan hafi verið samþykkt með samhljóða samþykki innan sérhvers svæðis þar sem breytingin hefur áhrif.“
3. *hvetur* öll aðildarríki stofnunarinnar til þess að staðfesta breytingu þessa eins fljótt og aðstæður leyfa og í samræmi við stjórnskipulega málsmeðferð hvers þeirra um sig, eins og mælt er fyrir um í ii. lið C-liðar XVIII. gr. stofnskrárinnar,
 4. *fer þess á leit* við framkvæmdastjórnann að hann gefi aðalráðstefnunni skýrslu, á 45. reglulega fundi hennar, um hvernig miðar að ná því markmiði að breyting þessi öðlist gildi.

AMENDMENT TO ARTICLE VI OF THE STATUTE

Resolution adopted on 1 October 1999 during the ninth plenary meeting

The General Conference,

- a) *Recalling* its decision GC(42)/DEC/10 which requested the Board of Governors, inter alia, to submit its report on a finalized formula on amending Article VI of the Statute and all previous Resolutions and decisions on the subject,
- b) *Having examined* the proposal for amendment of Article VI of the Statute submitted by Japan in accordance with Article XVIII.A of the Statute, contained in Annex 1 to document GC(42)/19,
- c) *Having also examined* the proposal for the modification of the Japanese amendment submitted by Slovenia in accordance with Article XVIII.A of the Statute, contained in document GC(43)/12,
- d) *Having also considered the report and recommendations* of the Board of Governors contained in document GC(43)/12, which constitute the Board's observations on the aforesaid modification to the Japanese proposal proposed by Slovenia,
- e) *Having also considered* the Board's observations on the aforesaid Japanese proposal to amend Article VI,
 1. *Approves* the aforesaid modification proposed by Slovenia to the amendment of Article VI proposed by Japan;
 2. *Approves* the amendment proposed by Japan, as modified in operative paragraph (1) and as further modified, by which Article VI of the Agency's Statute is amended as follows:
 - I. Replace paragraph A of Article VI of the Agency's Statute by the following:

“A. The Board of Governors shall be composed as follows:

 1. The outgoing Board of Governors shall designate for membership on the Board the eighteen members most advanced in the technology of atomic energy including the production of source materials, the designated seats to be distributed among the areas mentioned below as follows:

North America	2
Latin America	2
Western Europe	4
Eastern Europe	2
Africa	2
Middle East and South Asia	2
South East Asia and the Pacific	1
Far East	3
 2. The General Conference shall elect to membership of the Board of Governors:
 - a) Twenty-two members, with due regard to equitable representation on the Board as a whole of the members in the areas listed in sub-paragraph A.1 of this article, so that the Board shall at all times include in this category:

four representatives of the area of Latin America,
four representatives of the area of Western Europe,
three representatives of the area of Eastern Europe,
five representatives of the area of Africa,
three representatives of the area of the Middle East and South Asia,
two representatives of the area of South East Asia and the Pacific, and
one representative of the area of Far East.
 - b) Two further members from among the members in the following areas:

Western Europe
Eastern Europe
Middle East and South Asia
 - c) One further member from among the members in the following areas:

Latin America
Eastern Europe”

and

II. Add at the end of Article VI the following new paragraph:

“K. The provisions of paragraph A of this Article, as approved by the General Conference on 1 October 1999, shall enter into force when the requirements of Article XVIII.C are met and the General Conference confirms a list of all Member States of the Agency which has been adopted by the Board, in both cases by ninety per cent of those present and voting, whereby each Member State is allocated to one of the areas referred to in sub-paragraph 1 of paragraph A of this Article. Any change to the list thereafter may be made by the Board with the confirmation of the General Conference, in both cases by ninety per cent of those present and voting and only after a consensus on the proposed change is reached within any area affected by the change”.

3. *Urges all* Member States of the Agency to accept this amendment as soon as possible in accordance with their respective constitutional processes, as provided for in Article XVIII.C(ii) of the Statute;
4. *Requests* the Director General to report to the General Conference, at its 45th regular *session* on the progress made towards the entry into force of this amendment.

Fylgiskjal 2.

BREYTING Á A-lið XIV. GR. STOFNSKRÁRINNAR

Ályktun samþykkt 1. október 1999 á níunda allsherjarfundi.

Aðalráðstefnan,

sem hefur fjallað um tillögu að breytingu á A-lið XIV. gr. stofnskrár stofnunarinnar, sem Slóvenía hefur lagt fram, en tillagan er í 2. viðauka við skjal GC(43)/24, í samræmi við A-lið XVIII. gr. stofnskrárinnar,

sem hefur einnig fjallað um skýrslu og tilmæli stjórnarinnar viðvíkjandi breytingartillögunni, sem er í skjali GC(43)/24, þar sem fram koma athugasemdir stjórnarinnar við fyrrnefnda breytingu sem var lögð fram í samræmi við i. lið C-liðar XVIII. gr. stofnskrárinnar,

samþykkir fyrrnefnda breytingu, þ.e. að í stað orðsins „árlega“ í fyrsta málslið A-liðar XIV. gr. stofnskrárinnar komi orðin „á tveggja ára fresti“.

AMENDMENT OF ARTICLE XIV.A OF THE STATUTE

Resolution adopted on 1 October 1999 during the ninth plenary meeting

The General Conference,

Having considered the proposal for amendment of Article XIV.A of the Agency's Statute submitted by Slovenia as contained in Annex 2 to document GC(43)/24 in accordance with Article XVIII.A of the Statute,

Having also considered the report and recommendation of the Board of Governors on the proposal for amendment contained in document GC(43)/24, which constitutes the Board's observations on the amendment submitted in accordance with Article XVIII.C(i) of the Statute,

Approves the aforesaid amendment to replace the word “annual” with the word “biennial” in the first sentence of Article XIV.A of the Statute.

C-deild – Útgáfudagur: 20. mars 2024